



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Tjaldstæðið í Laugardal

Á fundi borgarráðs 9. maí 2019 var samþykkt tillaga varðandi rekstur tjaldstæðisins í Laugardal fyrir húsbíla í langtímaleigu.

Í tillögunni fólkst m.a. að rekstur tjaldsvæðisins á tímabilinu 1. október 2019 - 15. maí 2020 fyrir útleigu í langtímasvæðunum yrði með þeim hætti að ÍTR annaðist reksturinn.

Á fundi borgarráðs 1. október 2019 var samþykkt gjaldskrá fyrir tjaldsvæðið í tengslum við rekstur ÍTR. Þá var samþykkt að gjald fyrir langtímastæði yrði 43.000 kr. á mánuði.

Lagt er til við borgarráð að ÍTR verði heimilað að gera samning við Farfugla ses um að fyrirkomulag vegna langtímastæða verði framlengt út árið 2020 og síðan til 15. maí 2021 og að reksturinn verði með eftirfarandi hætti:

- Afmarkað verði sérstakt svæði fyrir langtímastæði á því svæði sem ætlað er fyrir húsbíla og það aðskilið frá svæði sem ferðamenn geta nýtt.
- Farfuglar ses annist rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir ferðamenn.
- ÍTR annist rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir langtímaleigu, nema á tímabilinu 1. júní - 1. október 2020, en á þeim tíma annast Farfuglar reksturinn.
- Sérstakt samkomulag verði gert á milli ÍTR og Farfugla ses um aðgengi gesta í langtímaleigu að snyrtingum, sturtum, eldhúsi, þvottavél og rafmagni. Í samkomulagi komi fram hvert endurgjald til Farfugla verði vegna þessa á tímabilinu 1. júní - 1. október 2020.
- Þeir sem leigja stæði vegna húsbíla í langtímaleigu geri samning við ÍTR um mánaðarlegar greiðslur til Reykjavíkurborgar vegna leigu á stæðum og fyrir þá þjónustu sem veitt er á svæðinu. Í slíkum samningi komi einnig fram ákvæði um umgengni og öryggisreglur á svæðinu.
- ÍTR annast gæslu og þrif á svæðinu og aðstöðu í mannvirkjum á tímabilinu 1. október 2020 - 15. maí 2021.
- Lagt er til að gjald verði 25.000 kr. á mánuði frá 1. apríl 2020.
- Tekjur vegna leigu á tímabilinu 1. júní 2020 - 1. október 2020 renni til Farfugla en síðan til ÍTR á tímabilinu 1. október 2020 - 15. maí 2021.

Þessi lausn vegna tímabilsins júní - október 2020 á einungis við um sumarið 2020.

Því er rétt að taka fram að í sambandi við aðstöðu fyrir langtímastæði, almennt, fyrir húsbíla hefur verið bent á ýmsa staði í borgarlandinu, þar sem slíkri aðstöðu mætti koma fyrir.

Það er mat undirritaðs að eins og staðan er núna, sé það heppilegast og hagkvæmast fyrir borgarsjóð að svæðið í Laugardal verði nýtt áfram fyrir þessa þjónustu, en með því að breyta rekstrarfyrirkomulaginu, eins og hér hefur verið gerð tillaga um.

Að koma upp nýju svæði hefur í för með sér verulegan kostnað vegna framkvæmda svo sem

vegna rafmagns, vatns, stæða o.fl. auk þess sem gera má ráð fyrir að rekstrarkostnaður yrði mun dýrari en gera má ráð fyrir í Laugardal. Engu að síður er nauðsynlegt að horfa til framtíðarlausna í þessu sambandi.

Með þessu fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, nýtast mannvirki sem eru í eigu borgarinnar og eru til staðar og geta þjónað þessari starfsemi með góðu móti.


Ómar Einarsson.